

Auglýsing um friðlýsingu Hamarsins í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkt fyrir sitt leyti að friðlýsa Hamarinn í Hafnarfirði sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru sem hér greinir:

Mörkin fylgja hnitapunktum í hnitakerfi Reykjavíkur frá árinu 1951 og eru beinar línur milli eftirtalinna punkta:

Frá punkti merktum nr. 1 á uppdrætti norðvestur hússins nr. 22A við Öldugötu ($x = 22922.71$, $y = 9011.07$) liggja mörkin til suðvesturs að punkti nr. 2 ($x = 22949.18$, $y = 8969.19$). Þaðan liggja þau til vesturs að punkti nr. 3 norðan Flensborgarskóla ($x = 23102.05$, $y = 8984.12$), og áfram til vestur að punkti nr. 4 norðan Flensborgarskóla ($x = 23122.15$, $y = 8990.52$). Þar beygja mörkin til norðurs að punkti nr. 5 sunnan hússins nr. 8 við Lækjargötu ($x = 23093.32$, $y = 9102.42$), og síðan til norðausturs að punkti nr. 6 sunnan hússins nr. 18 við Lækjargötu ($x = 22998.06$, $y = 9125.53$). Þaðan til suðausturs að punkti nr. 1.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar]. Þó er bæjarstjórn heimilt, í samræmi við skipulag Hamarssvæðisins og í samráði við [Náttúruvernd ríkisins], að láta planta trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekki og annan búnað í þágu útivistar á svæðinu.
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.
3. Náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar Hafnarfjarðar. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 10. apríl 1984.

Ragnhildur Helgadóttir

Runólfur Þórarinsson